

**Nd.**

**214. Nefndarálit**

[102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu óskar ríkisstjórnin eftir heimild til erlendrar lántöku að upphæð 3580 millj. kr. Nú hefur komið í ljós, að heimildin þarf að vera 4610 millj. kr.

Fjárupphæð sú, sem hér er óskað eftir heimild til að taka að láni, er aðeins nokkur hluti þess, sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að taka að láni á næsta ári. Upplýst er að áformað sé að taka lán á næsta ári, vegna ríkisframkvæmda 9770 millj. kr. og þar að auki 3470 millj. kr. vegna framkvæmda Landsvirkjunar. Samtals nema þessar lántökur því 13 240 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í Skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976, er áætlað að erlend langtímalán verði sem hér segir í árslok 1976:

Erlend langtímalán:

Í árslok 1974 .....	41 442 millj. kr.
Nettó-aukning 1975 .....	13 140 — —
Nettó-aukning 1976 .....	10 145 — —

Áætluð erlend langtímalán í árslok 1976 ..... 64 727 millj. kr.

Við, sem skipum minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, teljum að þær gífurlegu lántökur, innlendar og erlendar, og þó fyrst og fremst erlendar, sem átt hafa sér stað í tíð núverandi ríkisstjórnar, beri glögggt vitni um það stjórnleysi sem nú einkennir alla fjármálastjórn í landinu. Við erum ekki andvígir lántökum til sumra þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar eru, en hins vegar mótfallnir öðrum lántökum.

Við styðjum því ekki þá lántökuheimild, sem sótt er um með frumvarpinu.

Alþingi, 17. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson,  
frsm.

Gylfi P. Gíslason.